

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands nr. 25/1992.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (3 rafhlöður) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 125. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um greiðslu almannatrygginga fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega.

1. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki dveljast á stofnunum:

1. 75% af kostnaði þeirra, sem njóta fullrar tekjutryggingar almannatrygginga.
2. 50% af kostnaði þeirra, sem njóta skertrar tekjutryggingar almannatrygginga.

2. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldrafra:

1. Að fullu kostnað þeirra sem njóta skertra eða óskertra vasapeninga skv. 20. eða 51. gr. laga um almannatryggingar.